

373. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 7. september 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Jón Bjarki Jónatansson
 Michael Gluszuk
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á þennan fyrsta fund bæjarstjórnar eftir sumarfrí. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **UMF Víkingur/Reynir: fullrúuar úr stjórn mæta á fundinn til að ræða rútuferðir.**
 Á fundinn mættu Tinna Ýr Gunnarsdóttir og Helga Guðrún Sigurðardóttir f.h. UMF Vikings/Reynis og Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi. Fóru þær yfir nýtingu á íþróttahúsini miðað við æfingatöflu vetrarins og skipulag rútuferða til að koma til móts við æfingatöfluna. Mikil umræða fór fram um rútuferðir og skipulag. Niðurstaðan var sú að Kristfríði var falið að ræða við Hafþór um rútuferðir í samræmi við umræðuna sem var á fundinum.
- 2) **Fundargerðir 340., 341., 342. og 343. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 22. júní, 13. júlí, 19. júlí og 22. ágúst 2023.**
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 3) **Fundargerð 15. fundar öldungaráðs, dags. 29. ágúst 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 144. fundar hafnarstjórnar, dags. 31. ágúst 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 24. ágúst 2023.**
 Til málს töku FS, BHH, KJ, MG
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð 174. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. september 2023.**
 Varðandi lið 6, þá fór bæjarstjórnin yfir það að breytingar standa til í sorpmálum í Snæfellsbæ og fór yfir hugmyndir að því hvernig þeim málum verði háttar í bæjarfélögnum, m.a. hvernig grenndarstöðvar verða í dreifbýli og þéttbýli Snæfellsbæjar.
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7) **Fundargerð 15. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 5. september 2023.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8) **Fundargerð 175. fundar stjórnar SSV, dags. 7. júní 2023.**
 Lagt fram til kynningar.
- 9) **Fundargerð 176. fundar stjórnar SSV, dags. 23. ágúst 2023.**
 Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerð 455. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 18. ágúst 2023.**
 Lagt fram til kynningar.

BBH
 AK
 MSS
 OB
 JÓE


- 11) Bréf frá SSV, dags. 4. september 2023, varðandi Haustþing SSV 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) Bréf frá öldungaráði, dags. í ágúst 2023, varðandi líkhúsið.**
Til máls tóku JBÓ, MSS, FS, BHH, MG, AK, EBR, KJ
Bæjarstjórn telur að ekki sé forsvaranlegt að fara í fjárfrekar framkvæmdir við húsið á meðan ekki er fyrirséð hver, eða hverjir, munu koma til með að sjá um þá þjónustu sem þarf að veita þar. Bæjarstjórn bendir á að þessa þjónustu er hægt að sækja í Stykkishólum.
- 13) Bréf frá öldungaráði, dags. í ágúst 2023, varðandi skoðanakönnun um húsnaðismál eldri borgara.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarritara og bæjarstjóra að undirbúa skoðanakönnun fyrir næsta fund bæjarstjórnar. Sú skoðanakönnun myndi í framhaldinu verða lögð rafrænt fyrir eldri borgara á heimasiðu Snæfellsbæjar.
- 14) Bréf frá Hollvinafélagi Pakkhússins, dags. 29. ágúst 2023, varðandi og ásamt úttekt á sýningarrími Pakkhússins og geymsluhúsnæðinu á Hellissandi.**
Til máls tóku MG, KJ,
Bæjarstjórn þakkar bréfið og skýrsluna. Bæjarstjórn hefur engin önnur áform varðandi Pakkhúsið önnur en þau að leigja það út fyrir rekstur til að hafa lifandi starfsemi í húsinu. Bæjarstjórn vill samt benda á að Pakkhúsið er friðað hús og allar breytingar á ytra byrði og gluggum þarf að fara í gegnum umsagnar- og samþykktarferli hjá Húsfríðunarnefnd.
- 15) Bréf frá Gunnari Tryggvasoni, dags. 24. ágúst 2024, varðandi ágangsfé.**
Landbúnaðarnefnd Snæfellsbæjar hefur þegar ákveðið að smalað verði 16. september n.k.
- 16) Bréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi, dags. 25. ágúst 2023, varðandi ágang búfjár, ásamt fundargerð landbúnaðarnefndar Stykkishólms, dags. 12. júlí 2023, varðandi sama mál.**
Lagt fram til kynningar.
- 17) Bréf frá Stjórnarráði Íslands, dags. 5. september 2023, varðandi hvatningu til sveitarstjórnar um móton málstefnu.**
Bæjarstjóri lét vita af því að þegar er byrjað að vinna að málstefnu í bæði grunnskóla og leikskóla Snæfellsbæjar.
Lagt fram til kynningar.
- 18) Gjaldskrá leikskólagjalda ásamt útskýringum á breytingum.**
Bæjarstjórn samþykkti framlagða gjaldskrá samhljóða. Mun hún gilda frá 1. ágúst 2023.
- 19) Bréf frá bæjarritara, dags. 5. september 2023, varðandi vinnutímastyttingu í leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að stytting vinnutíma leikskólans myndi verða á þennan hátt, og gildir þetta fyrir alla starfsmenn leikskólans:
 i) Lokað verður kl. 14:00 á föstudögum
 ii) Lokað verður á þorláksmessu og 2. janúar þegar þeir dagar lenda á virkum dögum.
 iii) Vetrarfrí verður í leikskólanum á sama tíma og í grunnskólanum á hverju skólaári.
 iv) Eftir standa 3,5 dagur til að ná fullri styttingu starfsfólks og verða þeir dagar útfærðir á annan hátt, t.d. með fríi sem yrði í samráði milli stjórnenda og starfsmanna á dögum sem minna álag er, t.a.m. á dögunum milli jóla og nýárs, eða öðru hvoru megin við sumarfrí.
Bæjarstjórn vill jafnframt taka fram að launalaust leyfi starfsmanna er ekki æskilegt umfram þessa frídaga.
- 20) Minnispunktar bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit janúar – ágúst.
 - Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsstöðu stofnana.
 - Bæjarstjóri fór yfir starfsmannamál.
 - Bæjarstjóri sagði frá ferð sveitarstjórnarfulltrúa á Vesturlandi til Skotlands í síðustu viku.

- e) Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir sumarsins.
- f) Bæjarstjóri fór yfir sorpmálín.
- g) Bæjarstjóri fór yfir húsnæðismál.
- h) Bæjarstjóri færði bæjarstjórn þakkir skólastjóra grunnskólans fyrir allar þær framkvæmdir sem fram hafa farið við skólahúsnaðin í sumar.
- i) Bæjarstjóri sagði frá Teamsfundi í dag með þingmönnum NV kjördæmis um vegamál á Vesturlandi.
- j) Næsti bæjarstjórnarfundur verður haldinn fimmtudaginn 28. september n.k.
- k) Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að gefa bæjarstjóra og bæjarritara heimild til að hefja vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2024.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:35



Björn H. Hilmarsson



Júníana Björg Óttarsdóttir

Michael Gluszuk



Auður Kjartansdóttir

Margrét Sif Sævarsdl.
Margrét Sif Sævarsdóttir

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Fríða Sveinsdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari